

Sp.

204. Svar

[114. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur um samfelldan skólalag barna á grunnskólastigi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað eru margir skólar á landinu sem bjóða börnum á grunnskólaaldri samfelldan skólalag?*
2. *Hvenær er að vænta þess að allir grunnskólar á landinu hafi samfelldan skólalag?*

Um efni fyrri spurningarinnar eru ekki til nýrri upplýsingar en þær sem fram koma í skýrslu nefndar er fyrirverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, skipaði til að fjalla um samfelldan skóla og tengsl heimila og skóla. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og heildartillögum í janúar 1986. Í framhaldi af störfum þessarar nefndar var skipuð önnur til að huga sérstaklega að samfelldum skólalag í grunnskólum Reykjavíkur. Sú nefnd hefur ekki lokið störfum.

Skilgreining á „samfelldum skólalag“ skiptir máli. Venja er að skilgreina samfelldan skólalag sem *samfellda viðveru*, þ.e. að nemendur þurfa aðeins að fara tvær ferðir á dag milli skóla og heimilis. Í þessu felst að þegar nemendur fara heim í hádegi er ekki um samfelldan skólalag að ræða.

Sumum foreldrum, kennurum og skólalagjum finnst eftirsóknarvert að börn komi heim í hádegismat og vilja skilgreina skólalag samfelldan þótt um fleiri en tvær ferðir sé að ræða á dag milli skóla og heimilis ef ekki eru aðrar eyður í stundatöflu. Hefur þá gjarnan verið talað um *samfelldan vinnutíma*.

Samkvæmt könnunum sem gerðar voru á vegum fyrrnefndu nefndarinnar má ætla að samfelldur skólalagur í merkingunni samfelld viðvera sé sem hér segir:

REYKJAVÍK (24 skólar, alls 12 709 nemendur).

Samfelld viðvera: 7 skólar eða 29% skóla með 3268 nemendum eða 26%.

REYKJANES (27 skólar alls, nemendur 10 454).

Samfelld viðvera: Að miklu leyti í 17 skólum (63%) með 7666 nemendum eða 73%.

VESTURLAND (17 skólar, nemendur alls 2851).

Samfelld viðvera: Í 9 skólum (flestir heimavistar skólar) 53% hjá 1020 nemendum eða 36%.

VESTFIRÐIR (23 skólar, nemendur alls 1863):

Samfelld viðvera: Í 13 skólum að mestu eða í 57% skóla hjá 1154 nemendum eða 62%.

NORÐURLAND VESTRA (20 skólar, nemendur alls 2041).

Samfelld viðvera: Í 16 skólum eða 80% skóla að mestu með 969 nemendum eða 47%.

NORÐURLAND EYSTRÁ (35 skólar, nemendur alls 4758).

Samfelld viðvera: Í 18 skólum eða 51% skóla með 1018 nemendum eða 21%.

AUSTURLAND (27 skólar, nemendur alls 2375).

Samfelld viðvera: Að mestu í 19 skólum eða 70% með 659 nemendum eða 28%.

SUÐURLAND (33 skólar, nemendur alls 3937).

Samfelld viðvera: Að mestu í 21 skóla eða 64% skóla með 1478 nemendum eða 38%.

Eins og þessar upplýsingar bera með sér er hlutfall skóla og hlutfall nemenda sem njóta samfelldrar viðveru mjög mismunandi eftir fræðsluumdæmum. Hlutfallið hækkar verulega ef spurt er um samfelldan vinnutíma. Má ætla að á landinu öllu sé samfelldur vinnutími í u.þ.b. 85% skóla og að u.þ.b. 60% nemenda hafi samfelldan vinnutíma.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan nefndin um samfelldan skóladag og tengsl heimila og skóla lét kanna stöðuna má sjá ýmis merki þess að ástandið hafi batnað. Reykjavíkurnefndin lét athuga sérstaklega stöðuna í grunnskólum borgarinnar skólaárið 1986–1987 (sjá fskj. I). Þar kemur m.a. fram að í forskóla, 1., 2. og 3. bekk, er nánast um 100% samfellda viðveru að ræða. Aukaferðum milli heimilis og skóla fjölga eftir því sem ofar kemur í grunnskólann. Í heild njóta rúmlega 70% grunnskólanemenda í Reykjavík samfelldrar viðveru og ef bætt er við þeim sem aðeins þurfa að fara eina aukaferð á viku milli heimilis og skóla er talan komin í tæp 83%.

Seinni spurningunni er ógjörningur að svara beint. Ef tryggja á samfellda viðveru fyrir alla nemendur grunnskóla þarf fjárfrekar aðgerðir. Þá þyrfti t.d. að koma upp íþróttaaðstöðu og mótuneyti við hvern skóla, fjölga starfslíði vegna gæslu o.fl. Samfelldri viðveru verður því varla komið á í einu veffangi í öllum skólum landsins.

Ætla má að skemmri tíma taki að koma á samfelldum vinnutíma og í reynd hefur mjög þokast í þá átt á síðustu árum. Það sem líklega ræður úrslitum er stöðugleiki í kennaralíði og almenn aðstaða í skólum, svo sem skólasöfn.

Samfelld viðvera kennara í skólum er þó líklega mikilvægasta forsendan fyrir bæði samfelldri viðveru nemenda og samfelldum vinnutíma. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir því að skapa slíkar forsendur og jafnframt haft hliðsjón af tillögum nefndarinnar frá 1986 sem hér fara á eftir:

1. Stefnt verði að samfelldri viðveru nemenda í grunnskólum með því að:

1.1. Bæta skipulag og stundaskrárgerð.

Aukin tölvueign skóla gerir kleift að hagnýta þá tækni við stundaskrárgerð.

Við skipulag skólastarfsins verður nemandinn, tími hans og vinna að vera í brennidepli. Þegar kennarar skipta vinnu sinni milli skóla, verða þeir skólar sem í hlut eiga að hafa samráð um skiptinguna.

Fastur viðverutími kennara í skólum eykur líkur á samfelldni hjá nemendum.

1.2. Taka tillit til samfelldni við hönnun skólahúsnæðis og í framkvæmdum við skólabyggingar.

Miða stærð skóla eða stærð skipulagseininga innan skóla við 400–600 nemendur eða færri.

Hafa skóla einsetta eða því sem næst.

Gera ráð fyrir vinnuaðstöðu nemenda og kennara utan fastra kennslustunda.

Gera ráð fyrir aðstöðu til að afgreiða og neyta skólanestis eða aðstöðu til að framreiða og neyta skólamáltíða.

Stuðla þarf að frekari þróun í hönnun færanlegs skólahúsnæðis.

Hraða uppbyggingu aðstöðu fyrir list- og verkgreinar.

1.3. Efla skólasöfn og vinnuaðstöðu nemenda utan fastra kennslustunda.

Tryggja verður hverjum skóla lágmarksbókakost.

Auka þarf fjölbreytni gagna á skólasöfnum og gera þau að eins konar miðstöð skólastarfsins.

Koma þarf upp lesaðstöðu í tengslum við skólasöfn.

1.4. *Gefa kost á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma.*

Ráða þarf sérstakt starfsfólk til að sjá um móttöku, afgreiðslu og fjárreiður vegna nestisþakka.

Sjái nemendur og kennarar um skólanesti eða skólamáltíðir verður að umbuna þeim fyrir vinnu sína.

Til að auka líkur á að skólanesti eða máltíðir verði almennt notaðar og þar með auknar líkur á samfelldni þarf að stilla verði í hóf.

Skólamaturlausnir verður að vera í senn hollur, næringarríkur og fjölbreyttur og falla að síbreytilegum smekk nemenda.

1.5. *Skipuleggja skólastarf á sveigjanlegan hátt.*

Athuga þarf möguleika á að haga skipulagi starfsins þannig að nemendur geti byrjað og lokið skóladegi á mismunandi tíma.

Fella verður kennslu í list- og verkgreinum inn í aðra kennslu þannig að bæði viðvera og verkefni myndi eðlilega heild.

Losa þarf um fastmótað bekkjakerfi ef önnur hópaskipan eykur samfelldni.

Fylgiskjal I.

Samfelldur skóladagur í Reykjavík.

Forsendur og skýringar.

Á meðfylgjandi yfirliti er það talinn *samfelldur skóladagur* þegar nemandi þarf ekki, samkvæmt stundaskrá, að fara nema fimm ferðir í skólann á viku eða eina ferð á dag. Ferðir í skóla umfram þetta mark eru í yfirlitinu nefndar aukaferðir.

Kennsla í sérgreinum hindrar oft samfelldni. Sérgreinastofur, svo sem fyrir handmennt, myndmennt og tónmennt rúma einfaldlega ekki, á réttum tíma, þann stundafjölda sem þar þarf að koma fyrir.

Sú sérgrein sem þó er algengasta hindrunin er leikfimi. Litlu salirnir, sem ekki rúma nema einn leikfimiþóp í senn (tvær hálfar bekkjadeildir), hindra samfelldni í flestum tilvikum.

Hins vegar er það ekki talin aukaferð í skóla í yfirlitinu þegar nemendum er ekið í annan skóla til leikfimikennslu vegna þess að ekki er búið að byggja íþróttahús, enda er þá um bráðabirgðatilhögun að ræða. Þetta gildir m.a. um Foldaskóla og Selásskóla. Þá er það heldur ekki talin aukaferð þegar íþróttahúsið liggur of langt frá skólanum til að hægt sé að flétta leikfimitímana inn í stundaskrá hjá öllum bekkjardeildum. Þetta á við um Öldusels-skóla og Laugalækjarskóla.

Það er talin aukaferð hjá öllum nemendum þegar skólar gefa klukkustundar matarhlé um hádegi, t.d. Hagaskóli og Réttarholtsskóli. Þetta skýrir háa tíðni fimm aukaferða á viku hjá nemendum unglíngadeilda (7., 8. og 9. bekkjar).

Ljóst er að tekist hefur að bæta verulega stundaskrá nemenda í grunnskólum borgarinnar að því er samfelldni varðar og hafa skólastjórar lagt sig mjög fram um það. Ekki er líklegt að öllu lengra verði komist í því efni. Þeir annmarkar sem enn hindra samfelldni felast því mestmegnis í ytri aðstæðum, þ.e. of þröngu sérgreinahúsnaði og vöntun á aðstöðu og starfskröftum til fullnægjandi hádegismatar. Þá þyrfti einhver aukning á heimilunni kennslumagni að koma til.

Fylgiskjal II.

Daglegur fjöldi ferða hjá nemendum í forskóla og 1.–9. bekk í grunnskólum í Reykjavík veturinn 1986–1987.

Forskóli (5 og 6 ára): 1602 nemendur.	
Samfelldur skóladagur hjá öllum	100.0%
1. bekkur: 1478 nemendur.	
Par af 1456 með samfelldan skóladag eða	98.5%
Par af 22 með 1 aukaferð á viku eða	1.5%
2. bekkur: 1342 nemendur.	
Samfelldur skóladagur hjá öllum	100.0%
3. bekkur: 1281 nemandi.	
Par af 1038 með samfelldan skóladag eða	81.0%
Par af 132 með 1 aukaferð á viku eða	10.3%
Par af 111 með 2 aukaferðir á viku eða	8.7%
4. bekkur: 1292 nemendur.	
Par af 926 með samfelldan skóladag eða	71.7%
Par af 212 með 1 aukaferð á viku eða	16.4%
Par af 44 með 2 aukaferðir á viku eða	3.4%
Par af 110 með 3 aukaferðir á viku eða	8.5%
5. bekkur: 1298 nemendur.	
Par af 836 með samfelldan skóladag eða	64.4%
Par af 264 með 1 aukaferð á viku eða	20.3%
Par af 154 með 2 aukaferðir á viku eða	11.9%
Par af 44 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
6. bekkur: 1298 nemendur.	
Par af 902 með samfelldan skóladag eða	69.5%
Par af 88 með 1 aukaferð á viku eða	6.8%
Par af 132 með 2 aukaferðir á viku eða	10.2%
Par af 154 með 3 aukaferðir á viku eða	11.8%
Par af 22 með 4 aukaferðir á viku eða	1.7%
7. bekkur: 1303 nemendur.	
Par af 555 með samfelldan skóladag eða	42.6%
Par af 198 með 1 aukaferð á viku eða	15.2%
Par af 176 með 2 aukaferðir á viku eða	13.5%
Par af 66 með 3 aukaferðir á viku eða	5.0%
Par af 44 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
Par af 264 með 5 aukaferðir á viku eða	20.3%
8. bekkur: 1359 nemendur.	
Par af 508 með samfelldan skóladag eða	37.4%
Par af 322 með 1 aukaferð á viku eða	23.7%
Par af 115 með 2 aukaferðir á viku eða	8.4%
Par af 69 með 3 aukaferðir á viku eða	5.1%
Par af 46 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
Par af 299 með 5 aukaferðir á viku eða	22.0%

9. bekkur: 1241 nemandi.	
Par af 344 með samfelldan skóladag eða	27.7%
Par af 391 með 1 aukaferð á viku eða	31.5%
Par af 69 með 2 aukaferðir á viku eða	5.6%
Par af 184 með 4 aukaferðir á viku eða	14.8%
Par af 253 með 5 aukaferðir á viku eða	20.4%
Samtals: 13 494 nemendur.	
Par af 9509 með samfelldan skóladag eða	70.5%
Par af 1629 með 1 aukaferð á viku eða	12.1%
Par af 801 með 2 aukaferðir á viku eða	5.9%
Par af 399 með 3 aukaferðir á viku eða	2.9%
Par af 340 með 4 aukaferðir á viku eða	2.5%
Par af 816 með 5 aukaferðir á viku eða	6.1%